

# Samfélagsgreinar

Kennarar: Hildur Karlsdóttir; Ingunn Óladóttir

5

Skólaárið

2024 - 2025

## Helstu námsþættir vetrarins

Í lífsleikni er farið í grunnþarfir, sáttmálagæð, hlutverk og samskiptafærni.

Í landafræði er fjallað um landið Íslands og samfélagið.

Í sögu er farið í sögu Leifs heppna og unnið með valdar persónur frá Rómaveldistímanum.

Í trúarbragðafræði kynnst nemendur helstu hátíðum stærstu trúarbragða heims.

## Kennsluskipulag vetrarins með fyrirvara um breytingar

Landafræði 02.09.24 - 29.11.24 (13 vikur):

Byrjað á kveikju. Kennari leggur inn efnið stuttlega í byrjun tíma með áherslu á mikilvæga þætti og nemendur vinna síðan valdar síður í vinnubók með viðfangsefni. Í lok kennslustunda er lærdómur tímans dreginn saman.

**HópaVinna:** Nemendur fá úthlutaðan landshluta til að vinna með og eiga að fjalla um tiltekin atriði með vali um aðra þætti í verkefnum. Val um birtingu verkefnis.

Trúarbragðafræði 02.12.24 - 17.01.25 (5 vikur):

Byrja á myndbandi sem kveikju og síðan unnið samvinnuverkefni. Nemendur vinna tveir og tveir saman og draga um hvaða trúarbrögð þeir eiga að fjalla um. Þeir eiga að búa til kynningu um eina hátíð í því trúarbragði.

Saga 20.01.25 - 16.05.25 (15 vikur):

Byrjað á kveikju. Bókin lesin og unnið stuttlega með efni hvers kafla fyrir sig á meðan hlustað er:

- Tengja saman staðreyndir
- Hlusta eftir tilteknum orðum og merkja við
- Skrifa þrennt áhugavert
- Skrifa hjá sér spurningu úr efninu
- Teikna mynd sem á við umfjöllunina
- Skrifa lykilorð

Settur upp leikþáttur um Leif heppna og foreldrasýning.

Lífsleikni: Unnið með eftirfarandi þætti sem allt eru áherslu Álfstanesskóla og stuðst við Þróunarverkefnið Sjálfsþekking og sjálsagi.

- Sjálfsöryggi
- Vaxandi hugarfar
- Uppeldi til ábyrgða

Námsaðlögun

Stuðningur við lestur og verkefni sniðin að ólíkum þörfum nemenda.

## Námsmat

Leiðsagnarmat (á meðan á námi og vinnu stendur, sjálfsmat og jafningjamat), frammistaða í tímum (lykilhæfni) og mat á hópavinnuverkefnum.

## Námstögn

Leifur heppni, Ísland - Veröld til að njóta, Vinnubókin Sjálfþekking og sjálfsagi, Trúarbragðabvefurinn, Frá Róm til Þingvalla.

## VIÐMIÐ ÚR NÁMSKRÁ

---

### AS Samfélagsgreinar 5. bekkur 2019 - 2025

- Hæfnieinkunn (5 tákn)
- Hæfnieinkunn (umsögn)

### AS Samfélagsgreinar 5. bekkur 2019 - 2025 - Reynsluheimur

- unnið með aldursamsvarandi hugtök tengd samfélagsfræði. Áttað sig á hvernig Ísland er samsett með tilliti til landfræði og samfélagslegra gilda þessu tengt
- notað kort og gröf til að afla sér upplýsinga
- unnið á upplýstan hátt með tímabil, atburði og persónur úr Íslandssögunni
- borið saman valin trúar- og lífsviðhorf

### AS Samfélagsgreinar 5. bekkur 2019 - 2025 - Félagsheimur

- útskýrt fimm grunnþarfir Uppeldis til ábyrgðar á einfaldan hátt og tekið þátt í vinnu að sáttmála um samskipti
- sýnt sanngirni, sjálfstraust og virðingu í samskiptum og samvinnu við aðra